

## Siðareglur stjórnar Neytendasamtakanna

### 1. gr.

#### *Markmið og gildissvið*

Markmið þessara reglna er að skilgreina það hátterni og viðmót sem ætlast er til að stjórnarmenn Neytendasamtakanna sýni í sínum störfum fyrir samtökin.

Reglurnar gilda um alla stjórnarmenn og einnig þá sem taka að sér trúnaðarstörf fyrir hönd stjórnar.

1. Sem stjórnarmenn samtakanna hlítum við þeim lögum og reglum sem samtökin starfa eftir.
2. Við viðhöfum gagnrýna hugsun í störfum okkar með hagsmuni samtakanna og neytenda að leiðarljósi.
3. Við störfum að heilindum og gætum þess að hagsmunir okkar skarist ekki við hagsmuni samtakanna eða neytenda og gætum að persónuleg tengsl hafi ekki áhrif á störf okkar.
  - Við störfum eftir almennum stjórnarsýslulögum nr. 37/1993. Þannig skal sá sem er vanhæfur ekki taka þátt í meðferð máls eða undirbúningi þess. Stjórnarmenn gæta sjálfir að hæfi sínu og skuldbinda sig til þess að gera formanni samtakanna viðvart ef þeir telja sig ekki hæfa til meðferðar máls. Stjórn er heimilt að meta hæfi viðkomandi stjórnarmanns ef vafi er um það hvort viðkomandi sé hæfur eður ei.
  - Stjórnarmenn þiggja ekki boðsferðir, gjafir eða styrki sem tengjast stjórnarsetu þeirra nema slíkt hafi upplýsingagildi fyrir samtökin.
  - Allar ákvarðanir um þátttöku stjórnar- eða starfsmanna í boðs- eða kynnisferðum skulu teknar af stjórn.
4. Við gætum trúnaðar og nýtum ekki trúnaðarupplýsingar sem við höfum vitneskju um í starfi okkar til fjárhagslegs ávinnings.
5. Við erum bundin þagnarskyldu um það sem við kunnum að verða áskynja í störfum okkar varðandi viðskiptavinum samtakanna og helst sú skylda þegar störfum líkur.
6. Við vinnum markvisst að því að miðla þekkingu okkar samtökunum í hag og efla þekkingu okkar á starfsemi þeirra. Við leitumst við að vera vel upplýst um hvað fer fram innan samtakanna til að hafa góða þekkingu á því sem ætlast er til af okkur.

7. Við byggjum ákvarðanir okkar á eigin sannfæringu og á sjálfstæðu mat.
8. Stjórnarmenn standa vörð um heiður Neytendasamtakanna, því aðhöfumst við ekkert sem kynni að rýra álit samfélagsins á þeim, m.a. í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum.
9. Við komum fram við aðra stjórnarmenn af virðingu og kurteisi óháð trú, kyni stjórnmalaskoðun eða annarri mögulegri aðgreiningu.

**2. gr.**  
*Gildistaka*

Reglur þessar taka strax gildi.

Reykjavík, 24. apríl 2017.